



MANNLÍF

/ Fasteignir

3 „Frístandandi baðkór vinsæl“

Verzlunin Tengi sérhæfir sig í vörum fyrir bað og eldhús.

4 Ástarbréf fylgir með

Seletti sendi nýverið frá sér skemmtilega öðruvísi blómavasa.

FÖSTUDAGURINN 2. NÓVEMBER 2018

Í SAMSTARFI VIÐ

HÚS
OG HÍBYLI



h Hús & híbyli
Innlit

Eitís stíll hjá Brynju og Guðjóni

Texti: Sigríður Elín Ásmundsdóttir / Myndir: Hákon Aldís Pálsdóttir



Byggt árið:
1970
Arkitekt:
Kjartan
Sveinsson
Fermetrar:
215

Borðstofuborðið er frá Muuto, á gólfinu er yfirborðsefni sem heitir Pandomo og er frá Harðviðarvali. Sama efni er á stiganum og aðalhlæðinni þar sem eldhúsið, forstofan, gestabæðherbergið og hjónaherbergið er.



Húsið sem varð algjört ástríðuverkefni

Brynja Björk Garðarsdóttir markaðsstjóri og Guðjón Jónsson auglýsingaleikstjóri búa í fallegu pallahúsi í Fossvoginum. Þau hafa bæði mikinn áhuga á hönnun og arkitektúr, heillast mjög af fallegum ljósum og safna húsgögnum sem heilla þau á mörkuðum frekar en í verslunum. Það er óhætt að segja að Brynja og Guðjón búi yfir óbilandi framkvæmdaglegði því þau hafa í sameiningu gert upp heil fjögur hús fyrir fertugt! Við heimsóttum þessi duglegu og mjög svo hressu hjón í Hjallaland, raðhús sem þau keyptu í lok árs 2014. Stíllinn er svolítið „eitís“, bleikir tónar, króm og pálmatré sem stendur í stofunni.

Hvenær fluttuð þið inn og hvers vegna völduð þið þetta hús?

„Við höfðum haft augastað á þessu hverfi lengi en ég ólst upp hérna í Kjarlandinu fyrstu árin þar sem ég bjó hjá ömmu minni og afa sem voru frumbyggjar hér í hverfinu; fyrst í Kvistalandi og svo Kjarlandi. Við skoðuðum nokkur hús hérna en það var ekki mikið framboð og margir sem keppast um hverja eign. Svo sáum við þetta hús og féllum alveg fyrir skipulaginu og þessum fallega seventíshilluvegg í stofunni. Við höfum alltaf verið hrifin af pallaradhúsum og Guðjón ólst upp í einu slíku í Breiðholtinu. Í svona skipulagi geta

fjölskyldumeðlimir dundað sér hver í sínu rými en samt í svo mikilli nálægð. Við kolféllum því fyrir þessu húsi og fluttum inn korter fyrir júl árið 2014.“

Hvernig var húsið þegar þið tókuð við því?

„Húsið var vel skipulagt en það var dálítið lokað í kjallaranum þar sem við vildum hafa fjölskyldurými. Þar var eldhús og einnig bæðherbergi sem voru ekki í okkar stíl og við ákváðum að fara strax í töluverðar framkvæmdir í kjallaranum. Við ákváðum líka að fara strax í að laga garðinn því okkur langaði að gera hann þannig að við gætum notið þess að vera úti. Við vorum með heitan pott þar sem við bjuggum síðast og söknuðum þess mjög að hafa ekki pott, það var því með okkar fyrstu verkum að skiptast á að moka risastóra holu úti í garði til að koma fyrir heitum potti.“

Voruð þið strax með ákveðnar hugmyndir varðandi hvernig þið vilduð breyta?

„Já, við vorum til að mynda strax ákveðin í að taka parketið á aðalhlæðinni af því þar er fallvegur viðarpanel í loftinu sem má segja að hafi verið að keppast við eikarparketið. Sömuleiðis höfðum við strax hugmyndir um annað skipulag á báðum bæðherbergjunum en aðalbæðherbergið er niðri og svo er gestabæðherbergi á miðhlæðinni. Við vorum líka með hugmyndir varðandi eldhúsið, hvernig við vildum

breyta því, þannig að við vorum með fullt af hugmyndum strax í upphafi.“

Hver var stærsta áskorunin í framkvæmdunum?

„Að búa inni á heimilinu meðan á framkvæmdunum stóð. Við mælum ekki með því, því það tekur á taugarnar. Við fórum að vísu til London á meðan pandomo-efnið var sett á gólfinn hjá okkur en að öðru leyti vorum við bara hérna saman í skitnum, mjög hressandi! Svo voru þessar framkvæmdir í raun erfiðari en aðrar sem við höfum farið út í því okkur þótti oft einstaklega erftitt að velja hvaða efni við vildum. Þetta hús varð algjört ástríðuverkefni hjá okkur og við vorum oft heillengi að ræða einhver algjör smáatriði sem okkur finnst samt skipta svo miklu máli varðandi heildarmyndina.“

Er framkvæmdum lokið?

„Okkur langar að endurnýja gólfefnin á neðri hæðunum þegar við höfum tíma og ég er strax farin að þæla í öðrum litum á veggina hjá okkur. Ég er nokkuð viss um að við finnum okkur alltaf eitthvað til að dytta að.“

Er þetta framtíðarhúsnæði?

„Við höfum komið okkur vel fyrir hérna en það er aldrei að vita hvað gerist þegar framkvæmdakláðinn kemur yfir okkur



Yfir eldhúsbordinu hangir Nova-ljósíð eftir Jo Hammerborg.

„Við höfðum haft augastað á þessu hverfi lengi en ég ólst upp hérna í Kjarlandinu fyrstu árin þar sem ég bjó hjá ömmu minni og afa sem voru frumbyggjar hér í hverfinu.“



ÁSKRIFTARTILBOÐ
6 MÁNUÐIR Á AÐEINS 9.995 KR.

BIRTINGUR.IS
ASKRIFT@BIRTINGUR.IS
ÁSKRIFTARSÍMI 515-5500

**NÝTT HÚS OG HÍBÝLI
ER KOMIÐ ÚT!**



Þjónusta, gæði og ábyrgð – það er Tengi

Umsjón / Sjöfn Þórðardóttir
Mynd / Hákon Davíð Björnsson.

Á dögunum heimsóttum við sérvörslunina Tengi sem sérhæfir sig í vörum fyrir bað og eldhús og er þekkt fyrir að bjóða upp á góða þjónustu. Okkur lék forvitni á að vita um helstu áherslur Tengis og vöruúrvalið. Við hittum þar Arnar Árnason, sölu- og markaðsstjóra, og spurðum hann spjörnum úr.

Segðu okkur aðeins frá sérvörsluninni Tengi og helstu áherslum ykkar? „Tengi sérhæfir sig í sölu á hreinlætis- og blöndunartækjum fyrir bað og eldhús ásamt því að vera fagverslun með pípulagnaefni. Við leggjum mikla áherslu á gæðavöru og hátt þjónustustig.“

Þið leggið mikla áherslu á að vera með góða þjónustu, hvaða þjónusta er það sem þið bjóðið helst? „Fyrst og fremst persónulega og faglega þjónustu þar sem við leitum allra leiða til að finna réttu lausnina á þörfum okkar viðskiptavina. Þegar þú endurnýjr allt á baðinu hjá þér eða byggir nýtt þá skiptir máli að velja vandaða vöru sem endist, þess vegna er gott að koma í Tengi.“

Fyrir hvað eruð þið þekktust? „Tengi hefur alla tíð lagt áherslu á langtímasamband við sína birgja þar sem traust og áreiðanleiki er haft að leiðarljósi. Það færir yfir til okkar viðskiptavina þar sem þeir geta treyst á þær vörur sem þeir kaupa hjá okkur og með því byggist upp langtímasamband við viðskiptavinum okkar,“ segir Arnar.



Arnar Árnason, sölu- og markaðsstjóri hjá Tengi.

Þið bjóðið upp á fjölbreytt úrval af vörum fyrir baðherbergi, hvaða vörur eru það helst? „Það má segja að við bjóðum upp á allt frá A-Ö sem tengist hreinlætis- og blöndunartækjum fyrir baðið. Handlaugar, blöndunartæki, allt fyrir sturtuna, salerni, innréttingar og margt fleira.“

Tímalaus tæki hönnuð af Arne Jacobsen

Hvaða blöndunartæki eru vinsælust í dag? „Sænsku tækin frá Mora og þýsku tækin frá Hansa eru ávallt mjög vinsæl. Einnig eru dönsku tækin frá Vola afar vinsæl um þessar mundir þar sem viðskiptavinir hafa mikið val um útfærslu og liti. Þessi tímalaus tæki hannaði Arne Jacobsen og fagnar Vola 50 ára afmæli á þessu ári.“

Einnig eru þið með vörur fyrir eldhús í háum gæðaflokki, er einhver tegund vinsælli en önnur í hreinlætis- og blöndunartækjum í dag? „Við bjóðum upp á breitt úrval af tækjum frá mismunandi framleiðendum en þeir sem vilja flotta hönnun

”

„Þessi tíma-
lausu tæki
hannaði Arne
Jacobsen og
fagnar Vola 50
ára afmæli á
þessu ári.“

velja mest Vola, svissnesku tækin frá KWC og Dornbracht sem er þýskt gæðamerki. Einnig erum við með eldhúsvaska í öllum útfærslum.“

Eru ákveðnir litir og form sem fara meira en annað í dag? „Svart virðist vera mjög vinsælt um þessar mundir,

bæði sem matt svart og svo sem burstað svart króm. Einnig eru kopar, brass og burstað stál vinsælir litir. Annars fer alltaf mest af hinu klassíska krómi.“

Heyrst hefur að frístandandi baðkór séu móðins í dag og allra vinsælust, er það rétt? „Frístandandi baðkór eru afar vinsæl um þessar mundir og setja svo sannarlega punktinn yfir i-ið þegar verið er að hanna nýttísku baðherbergi.“

Snjalllausnir – nútíma raflögn



Með **free@home** hefur aldrei verið auðveldara og hagstæðara að stjórna heimilinu, sumarþústaðnum eða fyrirtækinu.

Ertu að byggja, breyta eða bæta?

Endilega kynntu þér málið.

Rafport ehf • Auðbrekka 9-11 • 200 Kópavogur • Sími 580 1900 • rafport@rafport.is



Goop í sæng með CB2



Leikkonan **Gwyneth Paltrow** sem hefur haldið úti lífsstílsmerk- inu Goop til fjölmargra ára hefur nú sent frá sér húsgagna- og heimilislínu í samstarfi við bandaríska keðjuna CB2. Innblástur línunnar er sóttur víða, allt frá frönskum flóamörkuðum, enskum sumarhúsum og klassískri hönnun frá miðbiki síðustu aldar.



Ultima Thule frá littala í nýjum lit!

Nú geta littala-aðdáendur aldeilis fagnað því að hin elskaða og klassíska lína merkisins, **Ultima Thule** eftir Tapio Wirkkala er nú fáanleg í dýrðlegum bláum lit sem ber nafnið „rain“. Upprunalega tók línan innblástur sinn af bráðnandi klaka og er blár liturinn því vel við hæfi. Nú eru 50 ár liðin frá hönnun línunnar og ákvað fyrirtækið því að gefa út þessa nýju útgáfu. Litað gler hefur komið sterkt inn á síðustu árum og er littala að sjálfsögðu með puttann á púlsinum.



Love in bloom frá Seletti

Ítalski postulínsframleiðandinn **Seletti** sendi nýverið frá sér skemmtilega öðruvísi blómavasa, en hann er í líffræðilega réttu formi mannhjartans og slagæðarnar halda um stílka blómanna. Hjartað er að sjálfsögðu tákn ástarinnar og ættu upphaldsblómin að njóta sín einkar vel í þessum flotta vasa! Ástarbréf fylgir með sem fylla má út áður en vasinn er gefinn þeim sem þú elskar.

Bleika slaufan

Margir eru byrjaðir að hugsa um október sem bleika mánuðinn, en undanfarin 11 ár hefur Krabbameinsfélag Íslands tileinkað októbermánuð baráttu gegn krabbameini hjá konum. Allt söfnunarfé Bleiku slaufunnar í ár verður nýtt í starfsemi Krabbameinsfélagsins. Slaufan þetta árið er hönnuð af **Páli Sveinssyni** gullsmíðameistara hjá Jóni og Óskari, en hann bar sigur úr bitum í hönnunarsamkeppni sem haldin er af Krabbameinsfélagi Íslands og Félags íslenskra gullsmíða á ári hverju. Við hjá ritstjórninni mælum með stuðningi við þetta góða málefni.



Shapeways

Skemmtilegt fyrirtæki fyrir þá sem hafa áhuga á þrívíddarprentun. Viðskiptavinurinn getur valið að láta prenta hönnun eftir aðra eða hlaðið inn þrívíddarteikningum af hlutum sem hann hefur teiknað og hannað sjálfur. Efnisúrvalið er fjölbreytt og mögulegt er að fá hluti prentaða úr plasti, stáli, eðalmálum og keramikki.



Sight Unseen

Virkilega skemmtileg bandarísk heimasíða með áherslu á hönnun og sjónlistir. Á síðunni má finna heimsóknir á áhugaverðar vinnustofur og heimili, pistla um hönnun og listir og aragrúa af áhugaverðu efni. Stíllinn sem ristýrnar einblína á er töluvert öðruvísi en margir eru vanir og fer oft töluvert út fyrir kassann. Skemmtileg síða fyrir þá sem eru duglegir að fylgjast með hönnunar- og innanhúss- bloggum.

1.-17. nóvember: LITADAGAR

40% afsláttur og fríar litaprufur af innimálningu



Nú eru **LITADAGAR** hjá **SLIPPFÉLAGINU**. Við bjóðum 40% afslátt og fríar litaprufur af litum úr litakorti Slippfélagsins.*

Skoðaðu alla fallegu litina á slippfelagid.is

Laugardaginn 3. nóvember verður **fröken fix**, innanhússhönnuðurinn Sesselja Thorberg með litaráðgjöf í Slippfélaginu Skútuvogi 2.

* Þegar liturinn er blandaður í Bett 10 innanhúsmálningu og miðað er við 2 prufur á hvern viðskiptavin.



SLIPPFÉLAGIÐ
Borgartúni 22 og Skútuvogi 2,
Reykjavík, S: 588 8000
Dalshrauni 11, Hafnarfirði, S: 588 8000
Hafnargötu 54, Reykjanesbæ, S: 421 2720
Gleráreyrum 2, Akureyri, S: 461 2760

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga

slippfelagid.is

